

Alþingi  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 25.02.2016  
nr. erindis 201512342/50.13 uvi

**Efni: Frumvarp til laga um almennar íbúðir- 435.mál 145. íþ.**

Bæjarráð Mosfellsbæjar, 1248. fundur 25. febrúar 2016 fjallaði um Frumvarp til laga um almennar íbúðir- 435.mál. Umsögn Mosfellsbæjar er eftirfarandi:

Athugasemdir við 15. gr. Tekið er undir sjónarmið Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar þess efnis að sérstök áhersla verði lögð á úrbætur í húsnæðismálum fyrir þá sem búa við bágust kjör fjárhagsleg og félaglega í ljósi þess fjölmenna hóps sem er á biðlistum sveitarfélaga eftir félagslegu leiguhúsnæði<sup>1</sup>. Breyting verði gerð á 15. gr. frumvarpsins þannig að hlutfall (25%) almennra íbúða sem ætlað er þessum hópi verði endurskoðað m.t.t. þess að ekki verði gengið verði fram hjá þeim og framlögin verði veitt til leiguhúsnæðis sem hafa tekjur við efri tekjumörk frumvarpsins.

Athugasemd við 17. gr. lagt er til að breyting verði gerð á greininni þess efnis að ef skilyrði er sett um endurgreiðslu stofnframlags þá sé tryggt að þær njóti lögveðréttar í viðkomandi íbúð sem þinglýst væri þannig að kvóðin hvíldi á eigninni þar til að framlagið væri að fullu greitt.

Þá er tekið undir eftirfarandi ályktun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 8. febrúar 2016 þess efnis að í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir að um 2300 íbúðir verði byggðar á grundvelli þess á næstu fjórum árum. Gera má ráð fyrir að a.m.k. 80% þessara íbúða verði til á höfuðborgarsvæðinu, eða um 2.000 íbúðir.

Ætla má að meðalbyggingarkostnaður þeirra íbúða sem gert er ráð fyrir að verði til á höfuðborgarsvæðinu skv. þessu sé um 30 – 35 m. króna pr. íbúð. Heildarfjárfesting mun því væntanlega nema 60 – 70 milljörðum króna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að framlaga sveitarfélaganna verði 12% af byggingarkostnaði, annað hvort með beinum fjárframlögum eða í formi lóðarúthlutunar eða ívilnunar gjalda.

Það liggur því fyrir að ætlað framlag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna frumvarpsins mun þar af leiðandi nema 7 – 8 milljörðum króna á þessu 4 ára tímabili, annað hvort með beinum fjárframlögum eða eftirgjöf tekna vegna þeirrar


<sup>1</sup> Sjá skýrslu Varasjóðs húsnæðismála um könnun á leigubúðum sveitarfélaga árið 2014 (<https://www.velferðarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/Konnun-leigubudir-sveitarfelaga-fyrir-arid-2014.pdf>)

aðstöðusköpunar sem sveitarfélögin þurfa að takast á við til að bygging íbúðanna verði möguleg.

Að lokum er lögð áhersla á að tryggt verði að áhrif lagafrankvæmdarinnar verði auk fyrrgreindra áhrifa á fjárhag sveitarfélaga metin m.t.t. umsýslu þeirra vegna breytinganna. Þannig að sveitarfélögum verði tryggðir tekjustofnar til að mæta útgjöldum verði frumvarpið að lögum.

Beðist er velvirðingar á því að umsögnin barst ekki fyrir tilskilinn umsagnarfrest.

Virðingarfyllst,



Unnur V. Ingólfssdóttir  
frankvæmdastjóri fjölskyldusviðs